

Reykjanesbær kt. 470794-2169 og Leikfélag Keflavíkur kt. 420269-7149
gera með sér svofelldan
SAMNING

um framlög úr bæjarsjóði til Leikfélags Keflavíkur á árunum 2004-2006.

1. gr.

Reykjanesbær greiðir x krónur til Leikfélags Keflavíkur á ári í þrjú ár eða á árunum 2004-2006, að samþykktri fjárhagsáætlun bæjarins hverju sinni. Fjárhæðin er ótengd verðlagsbreytingum og helst því óbreytt út samningstímabilið.

2. gr.

Útborgun á framlögum Reykjanesbæjar sbr. 1. gr. verði tvær jafnar greiðslur á ári hverju, sú fyrri í janúar og sú seinni þegar lágmarki vegna umsaminna verkefna sbr. 3. gr. hefur verið náð, þó ekki fyrr en í októbermánuði.

3. gr.

- Leikfélag Keflavíkur skal bjóða áhugasömu fólki á öllum aldri að taka þátt í leiklistarstarfsemi sinni og leitist við að kynna starfsemi sína og auglýsa viðburði vel.
- Leikfélagið skal setja upp tvær leiksýningar á ári að lágmarki og skulu þær auglýstar og opnar almenningi.
- Leikfélag Keflavíkur tekur þátt í Ljósanótt og þrettándanum eins og verið hefur og öðrum viðburðum á vegum Reykjanesbæjar eftir samkomulagi.

4. gr.

Stjórn Leikfélagsins skal í upphafi starfsárs afhenda menningarfulltrúa fyrirhugaða verkefnaáætlun og yfirlit yfir starfsemi félagsins á fyrra ári ásamt undirrituðum ársreikningi.

5. gr.

Verði ekki staðið við þennan samning að hálfu Leikfélagsins áskilur Reykjanesbær sér rétt til þess að endurskoða stuðning sinn og stöðva greiðslur þar til úr hefur verið bætt. Samningurinn er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara.

6. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjanesbær, 15. nóv. 2003

f.h. Reykjanesbæjar

f.h. Leikfélags Keflavíkur

Árni Sigfússon, bæjarstjóri

Jón Marínó Sigurðsson, formaður

Vottur:

Valgerður Guðmundsdóttir, menningarfulltrúi

